

AUGLÝSING

um samþykkt á breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Brúarlands/Leifsstaða í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur á fundi sínum 10. júní 2015 samþykkt gildistöku deiliskipulags í landi Brúarlands/Leifsstaða. Um er að ræða stækkun og afmörkun byggingarreits á lóð nr. 29 og stækkun byggingarreits á lóð nr. 1. Um óverulega breytingu er að ræða.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 10. ágúst 2015.

Karl Frímansson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. ágúst 2015